

Að mála steipt gólf með vatnspynnanlegri epoxýmálningu

sikkens

Aðferð

1. Undirlag verður að vera hreint, þurrt og ryklaust. Nýsteipt gólf þurfa að vera gegnumhörðnuð og sementshúðin slípuð af áður en málað er. Stálslípuð steipt gólf skal véslípa.
2. Ómeðhöndluð steipt gólf skal hreinsa vandlega. Fjarlægið fitu og olíubletti.
3. **Blandið efnunum í dósunum tveimur vandlega saman** (stofni og herði). Notið til þess hæggenga borvél með þeytara, á u.þ.b. 200 rpm.
4. Ómálaða steinsteypu skal grunna með epoxý-blöndunni þynntri um 20-30% með vatni. Málið síðan tvær umferðir með epoxý-blöndunni þynntri með um 5% vatni.
5. Áður málaðan flöt skal mála tvær umferðir með epoxý-blöndunni þynntri um 3-5% með vatni.
6. Efnið nær fullum styrk og hörku á nokkrum dögum. Forðist því að leggja flötinn undir mikið álag fyrir þann tíma.

Athugið að notkunartími efnis við 20°C er 1,5 klst. eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B). Við 30°C lækkar notkunartími í u.þ.b. 45 mín. Eftir þennan tíma er varan ekki lengur nothæf. Merki um að svo sé má sjá á aukinni seigju og að efnið byrji að skilja sig.

Wapex 660 hentar vel á bílskúrgólf þar sem ekki er keyrt á nagladekkjum.

ATH. Varist alla snertingu efnisins við húð.

***Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Efni: Wapex 660 eða Wapex 660 Mat

Til notkunar: Innanhúss

Gljástig: Satíngljái eða matt

Þurrktími við 20°C/65% raka: Má ganga á eftir 8 klst

Yfirmálun: Eftir 16-72 klst. Flötur nær fullum slitstyrk eftir minnst 7 daga

Þynning: Vatni; 3-5% áður málaður flötur; 20-30% við grunnun á ómálaðri steinsteypu

Verkfæri: Penslar, rúllur

Blöndunarhlutfall: Þáttur A (stofn) 80% af rúmmáli. Þáttur B (herðir) 20% af rúmmáli

Þekja: 50 míkróna þurr umferð: 8 m²/l. 80 míkróna þurr umferð: 3,5-5,5 m²/l

Málningarmagn/þekja fer töluvert eftir undirlagi og málningaraðferð